

Viðauki I við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Snorrastofu vegna verkefnis um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda, RÍM

Neðangreindar eru breytingar á rekstrarsamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og Sjálfseignarstofnunar Snorrastofu í Reykholti, kt. 410396-2039, í viðauka þessum nefnd Snorrastofa, dags. 17. nóvember 2017, vegna verkefnisins RÍM.

1. Gildistími

Gildistími viðauka er frá undirritun viðauka til 31. desember 2024.

2. Verkefni

Til viðbótar við önnur verkefni í núgildandi samningi milli ráðuneytisins og Snorrastofu skal sinna eftirtöldum verkefnum vegna umsýslu RÍM;


- Annast allt umsóknarferli vegna RÍM, þ.e. auglýsa eftir umsóknum, taka á móti umsóknum, úrvinnsla umsókna, undirbúa gögn fyrir úthlutunarnefnd, svara umsækjendum.
- Eftirfylgni með styrkveitingum.
- Undirbúa alþjóðleg samráðsverkefni, málstofu og ráðstefnu vegna RÍM.
- Standa að útgáfu og annarri kynningarstarfsemi vegna RÍM.


3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins

3.1 Áætlað árlegt framlag til Snorrastofu vegna umsýslu RÍM er 4,1 m.kr. Framlag til Snorrastofu vegna ársins 2020 verður 5 m.kr. vegna undirbúnings.

3.2 Framlag ráðuneytis verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar samhliða framlagi ráðuneytisins samkvæmt núgildandi samningi. Greitt verður inn á bankareikning í viðskiptabanka Snorrastofu enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um. Skal framlag vegna verkefnisins haldið aðgreindu í bókhaldi Snorrastofu.

Reykjavík 8. febrúar 2020


Lilja D. Alfredsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra


Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður
Snorrastofu